

um kirkjuítök og sölu þeirra.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Kirkjuítak nefnist í lögum þessum hvers konar afnotaréttindi, sem kirkjur eiga í lönd annarra, samkvæmt fornum máldögum þeirra eða öðrum jafngildum heimildum, svo sem réttindi til veiði, reka, varps, slægna, beitara, upprekstrar, skógarhöggs o. þ. h.

2. gr.

Um lausn kirkjuítaka og sölu semur sóknarnefnd þeirrar kirkju, sem ítakið á, að því er snertir safnaðarkirkjur og lénskirkjur.

Til sölu kirkjuítaks, sem prestur árlega nytjar, þarf jafnan samþykki biskups og hlutaðeigandi sóknarprests.

3. gr.

Andvirði kirkjuítaks og landssvæða, sem kirkjur eiga, svo sem varpeyja, engja-teiga, afréttar- eða beutilanda, ef eigi eru sérstök býli, sem seld hafa verið eftir 1. janúar 1940 eða seld verða, rennur til kirkna þess prestakalls, þar sem prestur ber afnotaréttur ítaksins, og skiptist jafnt á milli þeirra. Þegar kirkjuítak er selt, skal fella afgang þess niður úr heimatekjum þess prests, er ítakið hafði.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta eftir beiðni kirkjumálaráðuneytisins og biskups. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frv. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögum um lausn ítaka af jörðum, er samþykkt voru á Alþingi 19. desember 1952, er jarðareigendum gert auðveldara en áður að leysa til sín ítök þau, er aðrir eiga í lönd þeirra.

Þetta er rétt stefna og eðlilegt, að ítökin sameinist þeim jörðum, er þau upprunalega tilheyrðu. Og gildir sú regla í rauninni einnig um skógar- og veiðiítök, þótt áðurnefnd lög taki eigi til þeirra.

Nú er það svo, að kirkjur landsins eiga samkvæmt fornum máldögum þeirra og öðrum skjölum hinn mesta sæg ítaka. Mjög mörg þeirra hafa ekki verið nytjuð af prestunum um skemmri eða lengri tíma, sumpart vegna þess, að ítökin hafa gengið úr sér, svo sem skógarítökin velflest, sumpart vegna þess, hve ítökin hafa verið fjarri, svo sem rekaítökin mörg, og loks vegna þess, að margir prestar hafa látið undir höfuð leggjast að hirða um ítökin eða gera kröfur til þeirra. En þrátt fyrir þetta mun þó verða að líta svo á, að kirkjurnar hafi ekki misst réttinn til slíkra ítaka, er hinir löggiltu máldagar þeirra staðfesta sem eign þeirra.

Einsætt virðist, að nota beri ákvæði laganna um lausn ítaka af jörðum til þess að hreinsa til, ef svo mætti segja, að því er kirknaítökin snertir með því:

1. Að strika út með öllu þau ítök, er fallin eru úr sögu, annaðhvort vegna þess að örnefnin eru glötuð, svo að ítakið eigi þekkist lengur, eða það vegna skriðufalla, landbrots eða af öðrum ástæðum er horfið.
2. Að gefa jarðareigendum, þar sem kirkja samkvæmt fornum máldögum á ítak, sem eigi hefur notað verið um langan tíma og er verðlaust orðið eða verðlítið, kost á að fá afsöl fyrir slíkum ítökum fyrir mjög lítið gjald, til þess að þessar gömlu kvaðir séu fyrir fullt og allt úr sögunni.
3. Að varðandi ítök þau, sem enn eru í fullu gildi og prestar nytja í dag, verði með aðstoð áðurnefndra laga stuðlað að sanngjarnri sölu þeirra, enda komi þar til samþykki prests þess, er ítakið nytjar, svo og biskups.

Þar sem kirkjurnar eru tvímælalaust eigendur ítakanna, þykir sjálfsagt og rétt, að andvirði seldra ítaka renni til þeirra. Þetta hefur og Alþingi áður fyllilega viðurkennt, t. d. með lögum nr. 15 15. maí 1942, þar sem ákveðið er, að andvirði seldrar prestsmötu skuli renna til kirknanna.

Með hliðsjón af því, að mjög víða hafa ítök niðurlagðra kirkna horfið til þeirra kirkna, er hin niðurlagða sókn lagðist til, þykir rétt að skipta andvirði seldra ítaka jafnt á milli allra kirkna þess prestakalls, þar sem prestur hefur eða hafði afnot ítaksins. Er það og í samræmi við ákvæði áðurnefndra laga um sölu prestsmötu, frá 15. maí 1942.“